

Ed.

309. Frumvarp til laga

[33. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1., 2. og 3. málsg. 11. gr. laganna falli niður.

Áfallin framleiðslu- og útflutningsgjöld samkvæmt þessum málsgreinum skulu ekki innheimt. Enn fremur skal endurgreiða þau framleiðslu- og útflutningsgjöld, sem þegar hafa verið greidd ríkissjóði samkvæmt þessum málsgreinum.

2. gr.

a. Þriðji málsliður 9. málsg. 12. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað einstaklingi ber að greiða af nettóeign sinni, annarri en eign í félagi.

b. Á undan síðasta másl. sömu málsg. komi:

Nú á félag eignarhlut í öðru hlutafélagi eða samvinnufélagi, og skal þá það félag greiða þann hluta skattsins, sem svarar til slíkrar eignarhlutdeildar, eftir hlutfallinu milli þess eignarhluta og heildareignar félagsins, að hlutfé eða stofnfé meðtöldu.

3. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. orðist svo:

Skattur samkvæmt 12. gr. laga þessara skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins, og má áfrýja úrskurði hans til fjármálaráðuneytisins. Um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að öðru leyti eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignar-skatt nr. 6/1935.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.